

Neytenda blaðið

OKTÓBER 2022



Netsvik

- hvað ber að varast

+ Gæðakönnun á rafhlöðum + Lukkubox og tölvuleikir + Rafmögnuð tannhirða + Neysludrifin losun

EFNI

Frá NS	3
Taktu tvær	4
Lukkubox	6
Neysludrifin losun	10
Frá formanni	13
Netkaup	14
Áhrifavaldar	16
Rafmagnstannburstar	18
Tilboðsverð	21
Fötum fargað	22
Gæðakönnun á rafhlöðum	24
Bambusföt	27
Mælt með	30



NEYTENDABLAÐIÐ

2. tbl. 68 árgangur 2022

Útgefandi: Neytendasamtökin,
Guðrúnartúni 1, 105 Rvk.

Sími: 545 1200

Veffang: www.ns.is

Netfang: ns@ns.is

Ritstjóri: Brynhildur Pétursdóttir

Ritstjórn: Brynhildur Pétursdóttir,
Breki Karlsson, Ívar Halldórsson

Ábyrgðarmaður: Breki Karlsson

Umbrot og hönnun: Ámundi

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Forsíðumynd: Halldór Baldursson

Upplag: 8.450 eintök

Óheimilt er að nota upplýsingar úr
Neytendablaðinu í auglýsingar og við sölu
nema skriflegt leyfi liggja fyrir.

LEIÐARINN



Dýru verði keypt

Á samkeppnismarkaði er verðlag frjálst. Það þýðir að seljendur mega verðleggja vörur sínar og þjónustu eins og þeim sýnist. Það er svo neytenda að ákveða hvort þeir eru tilbúnir að borga uppsett verð. Ein forsenda þess að frjáls samkeppni komi neytendum til góða er að upplýsingar um verð séu aðgengilegar og réttar. Ef verð er á huldu geta neytendur ekki valið hagkvæmasta kostinn og veitt seljendum nauðsynlegt aðhald.

Hér í eina tíð bjó ég í Danmörku og vann meðal annars við heimahjálp. Eitt af því sem vakti athygli mína var hvað fólk var almennt meðvitað um verðlag. Einhverju sinni, á aðventunni, fór kaffi-

tíminn í vinnunni í það að ræða hvað mandarínur og klementínur kostuðu í hinum og þessum verslunum. Ég lét fara lítið fyrir mér enda hafði mér hreinlega ekki dottið í hug að gera slíkan verðsamanburð. Þetta var þó góð kennslustund í neytendafræðum því það er einmitt þessi árvekni neytenda sem veitir markaðinum nauðsynlegt aðhald.

Nú þegar verðlag hefur rokið upp – og ekki var það lágt fyrir – er sem endranær mikilvægt að verðvitund okkar neytenda sé góð og þar eru verðmerkingar lykilþáttur. Neytendastofa fer með eftirlit með verðmerkingum og reglurnar eru skýrar; vörur skulu verðmerktar hvar sem þær eru til sýnis og hjá þjónustufyrirtækjum á verðskrá að vera sýnileg á áberandi stað. Það er því beinlínis skylda seljenda að sjá til þess að viðskiptavinirnir sjái svart á hvítu hvað hlutirnir kosta. Þetta virðist þó flækjast fyrir allt of mörgum og hefur Neytendastofa því neyðst til að leggja stjórnvaldssektir á seljendur sem láta sér ekki segjast.

Stundum heyrir þú frá fólki sem telur að Neytendastofa ætti að sinna merkilegri hlutum en að atast í fyrirtækjum sem verðmerkja slælega. Gagnrýnin ætti þó að beinast fyrirtækjunum sem í hlut eiga. Þegar þau láta hjá líða að verðmerkja grafa þau undan verðvitund neytenda og það er alvarlegt. Skammarlega mörg fyrirtæki hafa verið verið sektuð fyrir að brjóta reglur um verðmerkingar og hægt er að sjá nöfn þeirra á ns.is undir „Skammarkrókurinn“.

Þegar kemur að afsláttum og tilboðum mega seljendur heldur ekki haga sér að vild. Tilboð verður raunverulega að vera tilboð og hér hefur Neytendastofa einnig þurft að sekta fyrirtæki sem brjóta reglurnar. Eins og fjallað er um í blaðinu hafa nágrannaþjóðir okkar sett lög sem skerða möguleika seljanda á að hringla með tilboðsverð og afslætti. Íslandi er sem betur fer skylt að innleiða þessa Evróputilskipun og því fyrr sem það verður gert því betra.

Án þess að hafa nokkuð fyrir mér grunar mig að danskir seljendur standi sig heilt yfir betur í verðmerkingarmálum. Kannski er aðhaldið þar meira. Ég á alla vegu erfitt með að sjá fyrrum samstarfskonur mínar í Danmörku kaupa rúnstykki án þess að vita hvað það kostar. Eftirlitið þarf nefnilega líka að koma frá okkur neytendum og við eigum ekki að vera feimin að gera kröfur um að reglum sé fylgt. Skortur á verðvitund getur nefnilega reynst okkur dýrkeypt. ❌

Brynhildur Pétursdóttir

Nýtt kennimerki og nýtt útlit

Eins og glöggir lesendur taka eflaust eftir hefur Neytendablaðið fengið nýtt útlit. Þá kynnum við einnig til leiks nýtt kennimerki, eða lógó, Neytendasamtakanna en það er Ámundi Sigurðsson sem á heiðurinn af hönnuninni. Lógóið getur táknað handaband eða kaðal. Jafnvel má sjá úr því hnút sem er að leysast. Eins mótar fyrir bókstafnum N, upphafsstaf samtakanna. Appelsínuguli liturinn er kraftmikill en þó jarðbundinn, sem tengist eldmóði, hlýju og gleði. Þannig fangar nýja kennimerkið gildi Neytendasamtakanna, sem eru öryggi, sanngirni og heilindi.



Aðalfundur haldinn 29. október

Aðalfundur Neytendasamtakanna verður haldinn laugardaginn 29. október í Guðrúnartúni 1. Fundurinn hefst kl. 10:00 og er áætlað að honum ljúki á hádegi.

Samkvæmt 11 gr. laga samtakanna eiga allir félagsmenn rétt til setu á aðalfundi séu þeir skuldlausir við samtökin viku fyrir aðalfund. Tilkynna þarf um þátttöku 21. október í síðasta lagi. Skráning fer fram í síma 545 1200 eða í gegnum netfangið ns@ns.is. Nánari upplýsingar á ns.is.



Stjórn NS ályktar um skipun starfshóps um samkeppnismál

Stjórn Neytendasamtakanna gagnrýnir harðlega hvernig staðið er að skipun starfshóps sem skoðar breytingu á stofnanaumgjörð samkeppnis- og neytendamála á Íslandi. Óásættanlegt er að fulltrúi atvinnulífs fái sæti í nefndinni, en horft sé fram hjá neytendum líkt og samkeppnis- og neytendamál komi þeim ekki við. Stjórn Neytendasamtakanna gerir kröfu um sæti við borðið til að tryggja að raddir og sjónarmið neytenda komi fram.

Burt með tolla á frönskum kartöflum

Hár verndartollur hefur verið lagður á franskar kartöflur sem fluttar eru til landsins en eini íslenski framleiðandinn á frönskum kartöflum gaf það út í sumar að hann myndi hætta starfsemi. Forsendan fyrir verndartollum er því brostin og sendu Neytendasamtökin, Samtök verslunar og þjónustu og Samtök ferðaþjónustunnar erindi á fjármála- og efnahagsráðherra og hvöttu til þess að tollur á frönskum kartöflum verði felldur niður. Þá hefur félag atvinnurekenda einnig haldið úti harðri gagnrýni og kallað eftir niðurfellingu tollanna. Ekki er að sjá að nokkur haldi uppi vörnum fyrir verndartollana og er því viðbúið að ráðherra afnemi tolla sem þjóna engum tilgangi öðrum en að hækka vöruverð.





Taktu tvær

- vörumst netglæpi

Netglæpir hafa færst í vöxt og kosta samfélagið hundruð milljóna króna á ári. Aðferðirnar geta verið allt frá augljósum svikatilraunum yfir í háþróaðar aðferðir sem mjög erfitt er að sjá í gegnum.

Lesendur kannast eflaust við að hafa fengið SMS-skilaboð um að póstsending bíði þess að verða leyst út en fyrst þurfi að smella á uppgefinn hlekk og millifæra tiltekna upphæð. Þá er algengt að sjá auglýsingar, t.d. á Facebook, um spennandi fjár-festingarkost sem þekkt fólk mælir með en enginn fótur er fyrir. Ýmsum brögðum er beitt og hér að neðan eru nokkrar tegundir netsvika tíundaðar.

Vefveiðar - markmiðið að komast yfir kortaupplýsingar

Vefveiðar eru ein leið svikahrappa til að komast yfir kortaupplýsingar. Algengt er að fólki sé sendur tölvupóstur eða SMS-skeyti og því tilkynnt um sendingu eða jafnvel endurgreiðslu. Fólki er beint á hlekk sem vísar því á farska heimasíðu sem lítur út eins og síða þekktis fyrirtækis, t.d. DHL, Íslandspósts eða Valitor.

Þegar komið er á vefsíðuna er fólk beðið um að skrá inn kortanúmer og CVV-númer. Í framhaldi fær viðkomandi sent SMS-skeyti með „Secure-code“ eða staðfestingarskilaboð í appi. Þessi skilaboð eru raunverulega frá traustum aðila sem er að sannreyna hvort viðkomandi vilji framkvæma greiðsluna. Upphæðin sem nú þarf að samþykkja er ekki sú sama og gefin var upp, hún gæti jafnvel verið í annarri mynt. Sem dæmi er, í stað þess að samþykkja 1.200 kr., farið fram á samþykki fyrir 1.200 Bandaríkjadöllum.

Markmið svikanna er að fólk samþykki greiðslu umhugsunarlaust. Alltaf ætti því að fara inn á vefsíður með því að slá inn rétt lén, en ekki í gegnum leitarvél. Þá er afar ólíklegt að nokkurt fyrirtæki sem tekur sig alvarlega kalli eftir greiðslum í gegnum hlekk í SMS-skeyti. Í sumar voru sagðar fréttir af svikum sem höfðu útbúið vefsíðu sem leit út eins og vefsíða Landsbankans. Þau sem leituðu að Landsbankanum á leitarvél var beint á falssíðuna. Slóðinni hafði verið breytt lítilliga og svo fagmannlega var að verki staðið að auðvelt var að láta blekkjast.

Réttarstaða neytenda í málum sem þessum er misjöfn og fer eftir eðli svikanna. Ný lög sem tóku gildi í nóvember 2021 veita neytendum þó betri rétt en áður því gerð er ríkari krafa á hendur bönkunum um að sannreyna hvort greiðslurnar sé raunverulega frá eiganda kortsins.

Fyrirmælasvind - markmiðið að fá starfsmann til að millifæra

Fyrirmælasvindl gengur út á að fá starfsmenn til að millifæra háar fjárhæðir í þeirri trú að fyrirmælin komi frá yfirmanni. Svikararnir nýta sér óvissutímabil eins og þegar nýir starfsmenn hefja störf, þegar skipulagsbreytingar standa yfir eða í frium. Fölsuðu fyrirmælin eru mjög trúverðug. Þau eru send í tölvupósti í nafni yfirmanns og er starfsmaður beðinn um að framkvæma millifærslu sem fyrst. Ef starfsmaðurinn verður



ekki við fyrirmælunum er send ítrekun í nafni yfirmanns og tekið fram að ekki náist í hann til staðfestingar. Láti starfsmaður undan þrýstingi millifærir hann á reikning í eigu svikarans. Hér gildir að framkvæma aldrei millifærslur nema skýrt umboð liggi fyrir.

Vörusvik - markmiðið að fá pening fyrir vöru eða þjónustu sem aldrei er veitt

Vörusvik ganga út á að selja vöru á netinu sem síðan aldrei er ætlunin að afhenda kaupanda. Varan er oft auglýst á hagstæðu verði og sölu-síðurnar eru mjög trúverðugar með alls kyns sannfærandi upplýsingum. Svikahrapparnir eru liprir í tölvupóstsamskiptum og eiga það til að fylgja samskiptum eftir með simtölum.

Hér gildir hið fornkvæða; ef eitthvað er of gott til að vera satt þá er það oftast raunin. Ef ómótstæðilegt tilboð býðst ætti því að skoða málið vel áður en greiðsla er framkvæmd. Ef farið er fram á millifærslu í stað viðurkenndrar greiðslu eins og með kreditkorti eða PayPal er líklega ekki allt með felldu.

Fjárfestingasvik - markmiðið að fá fólk til að taka þátt í ómótstæðilegri fjárfestingu

Margir hafa eflaust séð auglýsingar á samfélagsmiðlum þar sem auglýst eru vænleg fjárfestingartilboð sem frægt fólk mælir jafnvel

með. Yfirleitt er verið að ráðleggja kaup á verðbréfum eða rafeyri líkt og Bitcoin. Fólk gæti einnig fengið send skilaboð með ráðleggingum um kaup. Allt lítur vel út við fyrstu sýn en svo kemur í ljós að greiðslan fór ekki til viðurkennds aðila heldur svikahrappa. Ólíklegt er að viðurkennd fjárfestingarfyrirtæki auglýsi á samfélagsmiðlum og miðill eins og Facebook virðist ekkert ráða við falsfréttir og falsauglýsingar. Rétt eins og með vörusvikin er rétt að staldra við ef tilboðið lítur út fyrir að vera of gott til að vera satt.

Þekktu brögðin til að varast þau

Netsvik eru stórt og vaxandi vandamál sem nauðsynlegt er að sporna við. Samtök atvinnulífsins, Samtök fjármálafyrirtækja og Neytendasamtökin hrintu af stað átakinu **Taktu tvær** í byrjun ágúst. Átakinu er ætlað að fræða fólk um netglæpi og þær ólíku aðferðir sem glæpamenn beita. Því er jafnframt ætlað að hvetja fólk til að staldra við, taka tvær mínútur, og íhuga málið áður en viðkvæmum upplýsingum er deilt eða greiðsla er framkvæmd í gegnum síma eða tölvu. Á vefnum taktutvaer.is má sjá mikið af fróðlegu efni um netglæpi. ❄



Umdeild lukkubox

- kallað eftir auknu eftirliti með tölvuleikjaiðnaðinum

Svokölluð lukkubox í tölvuleikjum eru viðfangsefni skýrslu sem norsku neytendasamtökin, Forbrukerrådet, birtu fyrr í sumar. Skýrslan varpar ljósi á það hvernig sumir tölvuleikir eru hannaðir með það fyrir augum að tölvuleikjaspilarar eyði sem mestum pening og sem mestum tíma fyrir framan tölvuna.



Tölvuleikir eru stærsti afþreyingar-iðnaður í heimi en talið er að 2,8 milljarðar barna, unglinga og fullorðinna spili tölvuleiki reglulega. Sala á tölvuleikjum hefur þróast frá leikjadiskum yfir í sölu á netinu á stafrænu formi og hefur þessi þróun opnað á nýjar tekjuleiðir, meðal annars svokallað „In-game content“ eða aukahluti sem spilarar geta keypt í leikjum. Talið er að tölvuleikjaframleiðendur hafi á árinu 2021 selt aukahluti í tölvuleikjum, þar á meðal lukkuþox, fyrir 15 milljarða Bandaríkjadala og að salan fari ört vaxandi á næstu árum. Þarna er því eftir miklu að slægjast.

Hvað eru lukkuþox?

Lukkuþox (e. loot boxes) eru nokkurs konar happdrættispakki með tilviljanakenndu innihaldi, eða verðlaunum, sem tölvuleikjaspilarar geta keypt, og í sumum tilfellum veita boxin þeim forskot í leikjum. Þetta geta verið vopn, sýndarfé eða útlitsuppfærsla. Hvað lukkuþoxið inniheldur nákvæmlega kemur þó fyrst í ljós þegar búið er að greiða fyrir það. Stundum geta spilarar unnið lukkuþox, t.d. með því að ná einhverju takmarki í leiknum, en algengara er að spilurum sé ýtt út í kaup á lukkuþoxum og er þá ýmsum brögðum beitt. Lukkuþox hafa lengi verið umdeild. Markaðssetningin er ágeng og hvert tækifæri nýtt til að fá spilarann til að eyða meiru. Lukkuþoxin þarf að kaupa með sýndarfé en sýndarféð þarf að kaupa með raunverulegu fé. Þetta fyrirkomulag villir um fyrir spilurum sem eiga erfitt með að sjá raunverulegan kostnað.

Iðnaður án eftirlits

Þótt tölvuleikjaframleiðsla sé orðinn stærri afþreyingariðnaður en kvikmyndir og tónlist hefur yfirvöldum yfirsétt að setja honum reglur. Í framhaldi af útgáfu skýrslunnar kölluðu 20 neytendasamtök víðsvegar að úr Evrópu eftir því að regluverk um tölvuleiki verði hert svo tryggja megji neytendarétt. Á meðal aðgerða sem grípa þyrfti til má nefna:



- Tölvuleikjaframleiðendum verði bannað að nota blekkjandi hönnun sem villir um fyrir neytendum.
- Öll sala á aukahlutum ætti að vera í raunverulegri mynt. Í öllu falli ætti alltaf að gefa upp raunverulegt andvirði samhliða andvirði sýndarfjár.
- Leikir sem höfða til barna ættu ekki að bjóða upp á lukkuþox eða annað efni sem borga þarf sérstaklega fyrir.
- Meira gagnsæi er nauðsynlegt og ættu eftirlitsstjórnvöld og rannsakendur að hafa aðgang að þeim gögnum og algrimum sem notuð eru. Þá ættu neytendur að vera upplýstir um það ef ákvarðanir í leiknum byggja á algrimi og hafa þann möguleika að spila leiki án þeirra.
- Eftirlit með tölvuleikjaiðnaðinum verður að vera öflugra. Eftirlitsstofnanir verða að hafa nægilega þekkingu og úrræði til að geta gripið til aðgerða til verndar neytendum.
- Ef þau úrræði sem upp eru talin hér að ofan duga ekki til verður hreinlega að ihuga bann við lukkuþoxum.

FIFA 22

Til að meta umfang vandans skoðaði Forbrukerráðet sérstaklega tvo vinsæla tölvuleiki; annars vegar FIFA 22 og hins vegar Raid: Shadow Legends. Báðir þessir leikir eru uppfyllir af brellum sem hafa þann eina tilgang að fá spilara til að eyða eins miklum tíma við skjáinn og eins miklum peningum og hægt er. Á ns.is má sjá ítarlega umfjöllun um FIFA en hér verður stiklað á stóru.

Fótboltaleikurinn FIFA er langvinsælasti íþróttatölvuleikurinn á markaði í dag. Hann er gefinn út af tölvuleikjaframleiðandanum Electronic Arts (EA) og frá árinu 1993 hafa nýjar útgáfur af leiknum komið út árlega. Nýjasta útgáfan, FIFA 22, kom út í október í fyrra. FIFA gerir þá kröfu að spilarar séu eldri en 13 ára. Börn yngri en 13 þurfa því annað hvort að ljúga til um aldur eða nota aðgang annarra, svo sem foreldra eða systkina. Ólíkt mörgum tölvuleikjum er FIFA seldur á fullu verði þrátt fyrir að vera einnig með „in-game content“. Í því felst að spilarar geta keypt alls kyns aukahluti eins og lukkuþox.

Úrvalsiðið stærsta tekjulindin

Árið 2008 kynnti EA til leiks nýja leiktegund; FIFA Úrvalsiðið (e. FIFA Ultimate Team – FUT), sem nú er orðin vinsælasti hluti leiksins og ein stærsta tekjulind EA.

Úrvalsiðið virkar í stuttu máli þannig að spilarar keppast um að búa til sitt fótboltalið með því að opna eða kaupa FIFA-pakka sem innihalda handahófskennda leikjauppfærslur. Slíkir pakkar eru í raun og veru lukkuþox og innihalda leikmannaspjöld, útlitsuppfærslur, svo sem liðspakka, merki, eða aðra aukahluti. Eftir að spilarar hafa fengið, eða keypt, leikmannaspjöld geta þeir sett saman lið og keppt við aðra spilara á netinu. Þegar FIFA-pakki er opnaður er eins og um vinning sé að ræða með tilheyrandi litadýrð og tónlist. Markmiðið er

„Það sem er einna helst gagnrýnt er að FIFA er seldur á svipuðu verði og aðrir vinsælir leikir og því mættu neytendur ætla að það sé allt innifalið. Þá hefur verið gagnrýnt hvernig lukkuþoxin birtast og hvernig þau eru opnuð.“

að spilarar upplifi dópamínkikk en dópamín er hormón sem veitir vellíðunartilfinningu. Ef sjaldgæft eða dýrt spjald kemur upp úr lukkuþoxinu er sýningin stórbrotnari með flugeldum og glitpappirsdrifu.

Gögn frá framleiðanda sýna að Electronic Arts hannað FIFA-leikina á þann hátt að spilarar eru hvattir til að spila Úrvalslíð við hvert tækifæri og kaupa pakka, en þannig fær fyrirtækið áframhaldandi tekjur af leiknum eftir kaup.

Pakkar og sýndarfé

Spilarar geta keypt FIFA-leikmanna-pakka með „FIFA-punktum“, en þá þarf að kaupa með raunverulegum peningum. FIFA-punktarnir eru aðalgjaldmiðillinn í leiknum. Spilarar geta einnig safnað FIFA-krónum (e. coins) með því að spila leikinn. Í hverjum leikmannapakka eru yfirleitt 12 handahófskennd spjöld. Fljótlegasta leiðin til að eignast FIFA-pakka er að kaupa FIFA-punkta og kaupa svo pakkana með punktunum. Innihald FIFA-pakkanna breytist stöðugt. Verðmætustu pakkarnir eru svokallaðir „Promo Packs“ sem eru dýrari og auglýstir þannig að meiri líkur séu á að vinna eftirsótt verðlaun. Slíkir pakkar eru yfirleitt aðeins í boði í einn sólarhring en slíkt aðferð kallast FOMO (fear of missing out) eða hræðsla við að missa af, því hún ýtir á spilara að klára kaup áður en það er of seint. Á vissum tímum býður leikurinn upp á svokallað „lightning round“, þar sem takmarkað magn af dýrum FIFA-pökkum er í boði í skamman tíma.

Í FIFA 21 útgáfunni var í boði að sjá hvað pakkarnir innihéldu áður en kaup voru gerð. Í FIFA 22 er slíkur möguleiki almennt aðeins í boði fyrir ódýrustu og minnst eftirsóttu pakkana. Þar sem FIFA-leikurinn kemur út árlega leiðir ný útgáfa til þess að spilarar sem kaupa nýjasta leikinn þurfa að byrja frá byrjun. Fyrir utan ónotaða FIFA-punkta færast ekkert aukaefni á milli útgáfna.

Lítið að marka uppgefnar vinningslíkur

Tölvuleikjaframleiðandinn EA hefur ekki farið varhluta af gagnrýni í gegnum árin. Árið 2019 breytti EA hönnuninni þannig að spilarar gætu séð hversu miklar líkur væru á að fá leikmenn úr tilteknum styrkleikaflokkum úr pökkunum. Var þetta að sögn gert til að auka gagnsæi en þessi möguleiki er þó enn miklum takmörkunum háður. Fyrir meðalspilarann er nær ógerningur að þéna nóg til að fá bestu spjöldin með því einu að spila leikinn. Forbrukerráðet reiknaði út að til þess að eiga raunhæfan möguleika á að fá svokallað TOTY-spjald (Team of the Year) með því einu að spila leikinn þyrfti að spila fleiri en 12.000 leiki. Það tæki um 2.500 klukkustundir eða einn þriðja úr ári í stanslausri spilun. Næsti FIFA-leikur væri kominn út áður en spilarinn næði að tryggja sér eitt TOTY-spjald – en leikmaðurinn hefur aðeins um viku til að kaupa slíkt spjald. Ef sami spilarar myndi vilja freista þess að fá TOTY Mbappe-spjaldið með því einu að spila leikinn þyrfti hann að spila stanslaust í meira en þrjú ár til að fá það punktamagn sem þarf að meðaltali til að öðlast spjaldið.



Lukkuþox algeng í símaleikjum

Bjarki Þór Jónsson er tölvuleikjafraeðingur og árið 2011 stofnaði hann Nörd Norðursins, íslenskt nördaveftímarit eins og hann orðar það. Tímaritið varð síðar að vefsíðunni nordnordursins.is

þar sem finna má mikið og fjölbreytt efni um tölvuleiki og tölvuleikjaheiminn.

Bjarki segist kannast við þá gagnrýni sem fram kemur í skýrslu norsku neytendasamtakanna um lukkuþoxin. Hann segir eðlilegt að FIFA sé undir smásjánni enda mjög vinsæll leikur. „Það sem er einna helst gagnrýnt er að FIFA er seldur á svipuðu verði og aðrir vinsælir leikir og því mættu neytendur ætla að það sé allt innifalið. Þá hefur verið gagnrýnt hvernig lukkuþoxin birtast og hvernig þau eru opnuð.“

Bjarki bætir við að gagnrýni á lukkuþox hafi ekki síst snúið að símaleikjum því tekjumódelið þar sé oftast þannig að hægt sé að hlaða leikjunum í símana ókeypis en svo þurfi að kaupa aukahluti eins og lukkuþox. „Ég hef ekki orðið mikið var við lukkuþox í tölvuleikjum sem sérstaklega eru markaðssettir fyrir börn en þessi gagnrýni á rétt á sér og gott að vera vakandi fyrir þessu.“ Bjarki segist hafa heyrt dæmi um að kaup á lukkuþoxum hafi farið út í öfgar. „Þá virðist algengt að spilarinn sé ungur og hafi aðgang að kreditkort og átti sig jafnvel ekki á því hvað verið er að kaupa.“

Foreldrar kynni sér leikina

Bjarki segir mikilvægt að foreldrar kynni sér hvaða leiki börnin eru að spila og taki jafnvel þátt í þeim. Foreldrar geti stuðst við PEGI merkjakerfið sem segir til um innihald leiksins, t.d. hvort hann innihaldi ofbeldi, mismunun, nekt eða blótsyrði, og fyrir hvaða aldurshóp hann er ætlaður. Bjarki bendir á að nú sé PEGI búð að bæta við upplýsingum um það hvort leikir bjóði upp á aukahluti eða „In-game purchases“.

„Ef foreldrar vilja koma í veg fyrir að börn geti keypt sér lukkuþox þá er yfirleitt hægt að setja barnalæsinguna á öll kaup með réttum stillingum í tölvunni. Ekki má þó gleyma því að stór hluti kaupenda lukkuþoxa eru fullorðnir spilarar. Út frá þessari umræðu tel ég að tölvuleikjafraeðsla og kennsla í tölvuleikjalæsi geti skilað árangri,“ segir Bjarki að lokum. ❧

Sæktu flugbætur án kostnaðar!

Færst hefur í vöxt að fyrirtæki bjóði fram þjónustu sína við að sækja staðlaðar skaðabætur vegna seinkunar á millilandaflugi eða aflýsingar á flugi. Algengt er að þóknunin fyrir viðvikið sé 25% auk virðisaukaskatts. Neytendasamtökin hafa í gegnum tíðina bent farþegum á að þeir geta, í langflestum tilfellum, auðveldlega sótt slíkar bætur sjálfir, sér að kostnaðarlausu. Flest flugfélög bjóða upp á mjög einföld form á netinu þar sem farþegi fyllir út nauðsynlegar upplýsingar. Það er sist minni fyrirhöfn fyrir farþega að koma upplýsingunum beint til flugfélags en að koma þeim til fyrirtækis sem síðan tekur þóknun fyrir að koma þessum sömu upplýsingum áfram til flugfélagsins. Hægt er að nálgast upplýsingar um hvernig best sé að snúa sér á www.ns.is/flug.

Ekki hægt að losna

Nokkur dæmi eru um að fólk hafi fyllt út umsókn í gegnum slíkt fyrirtæki en svo uppgötvað að það er í raun alger óþarfi. Þá hefur því reynt ómögulegt að losna úr viðskiptunum. Í einu máli sendi neytandi tölvupóst til afþakka þjónustuna innan við hálf tíma eftir að hann hafði upphaflega sent fyrirtækinu öll gögn. Var honum meinað að hætta við viðskiptin. Málið er á borði Neytendasamtakanna, sem telja að neytendur eigi rétt á að falla frá þjónustunni þar sem um fjarsölu er að ræða og rétturinn því ríkari en ella. En alveg óháð því hvernig málinu lyktar er rétt að ítreka að í fæstum tilfellum er nokkur ástæða til að greiða þóknun fyrir innheimtu á stöðluðum bótum.



Hver borgar hvað á Tinder?

Fyrr á árinu kærðu sænsku neytendasamtökin Sveriges Konsumenter stefnumótaappið Tinder til eftirlitsstofnanna. Samtökin rannsökuðu gögn frá 340 notendum og komust að því að ómögulegt er að skilja hvernig verðskráin virkar, þ.e. hvers vegna sumir borga allt að tólf sinnum meira en aðrir, án nokkurrar skýringar.

Eitt af því sem Sveriges Konsumenter komust að er að allt að 36 verðflokkar voru á einstaka þjónustu, svo sem Tinder Plus; frá 30 krónum sænskum í 369 krónum á mánuði (420 kr. – 4.800 kr.) Sínan Akdag, sérfræðingur í stafrænum neytendarétti hjá Sveriges Konsumenter, segir ógerning að skilja hvers vegna sumum býðst tiltekið verð og öðrum eitthvað allt annað. Tinder heldur því fram að verðlagning hafi ekkert með kyn, kynhneigð eða trúarbrögð að gera. Hins vegar hafi aldur áhrif á verð en því verði breytt í ár. Aðrir þættir getir haft áhrif á verðlagningu en fyrirtækið gefur ekki upp hverjir þeir eru. Sveriges Konsumenter telja réttilega að gagnsæi í verðlagningu sé grundvallaratriði fyrir neytendur og hafa því, eins og áður segir, kært Tinder til þar til bærra eftirlitsaðila.





Neysludrifin losun

- hvert land beri ábyrgð á eigin neyslu

Fyrir sænsku ríkisstjórninni liggur tillaga um að öll losun gróðurhúsalofttegunda verði tekin með í bókhaldsreikninginn – líka losun vegna neyslu á innfluttum varningi og millilandaflugi. Ef af verður er Svíþjóð fyrsta landið í heiminum sem setur slíkt loftslagsmarkmið.

Árið 2020 skipaði sænska ríkisstjórnin þverpólitíska nefnd sem skila átti tillögum um hvernig hægt væri að minnka loftslagsáhrif sem almenn neysla veldur. Nefndin fékk tvö ár til verksins og í apríl síðastliðnum tók sænski loftslags- og umhverfisráðherrann, Annika Strandhäll, við tillögunum.

Neytendasamtök fagna

Jan Bertoft, framkvæmdastjóri sænsku neytendasamtakanna Sveriges Konsumenter, fagnaði tillögunum enda hafi samtökin lengi bent á nauðsyn þess að neysludrifin losun sé tekin inn í loftslagsbókhalda Svíþjóðar. Bertoft sagði við þetta tilefni; „Ef við ætlum að takast á við loftslagskrísuna verður að taka neysluna með í loftslagsmarkmiðin og við verðum líka að breyta neyslunyrmyndun. Með tillögum nefndarinnar höfum við færst skrefinu nær því.“

Í frétt sænsku neytendasamtakanna segir að rúmlega 60% af neysludrifinni losun Svíþjóðar stafi af neyslu á innfluttri vöru og þjónustu og losun frá millilandaflugum. Þessi 60% hafa til þessa ekki verið hluti af loftslagsmarkmiði Svíþjóðar.

Hvað er neysludrifin losun?

Þegar talað er um neysludrifna losun (e. consumption based emission) í tilteknu landi er átt við alla losun koltvísýringss (CO₂-ígilda) sem verður til vegna neyslu einstaklinga. Með „allri losun“ er líka átt við þá losun sem verður til við framleiðslu á innfluttum vörum. Neysludrifin losun mælir þannig losun þar sem neyslan á sér stað en ekki þar sem framleiðslan fer fram. Þegar neysludrifin losun er mæld er losunin í raun yfirfærð á neytandann.

Til einföldunar má taka dæmi: Losun vegna framleiðslu á bíl sem íslenskur neytandi kaupir er ekki reiknuð inn í losunarbókhalda Íslands. Losun

vegna jarðefnaeldsneytis sem bíllinn gengur fyrir fer hins vegar inn í losunarbókhalda. Ef Ísland reiknaði út neysludrifna losun líkt og Svíþjóð ætla að gera myndi Ísland einnig taka á sig ábyrgð vegna þeirrar losunar sem verður til vegna framleiðslu á bílnum. Eins og staðan er í dag lendir losun á innfluttum bíl í bókhalda framleiðslulandsins. Ef neytandi á Íslandi kaupir rafmagnsbíl kemur það vel út fyrir losunarbókhalda Íslands, en ekki losunarbókhalda framleiðslulandsins.



Hin sænska Greta Thunberg hefur meðal annars barist fyrir því að neysludrifin losun sé tekin með í loftslagsbókhalda þjóða.

Depositphotos

Staðbundin losun

Stjórnmöld víðast hvar hafa gefið neysludrifinni losun lítinn gaum. Þegar kemur að alþjóðlegum skuldbindingum í loftslagsmálum er það losun innanlands sem skiptir máli. Til dæmis hefur Ísland skuldbundið sig til að draga úr losun samkvæmt Parísarsáttmálanum og vísa því útblásturstölur aðallega til losunar frá vegasamgöngum, landbúnaði, stóriðju og urðun. Þessar mælingar taka ekki tillit til losunar vegna neyslu íslenskra neytenda á innfluttum varningi.

Rík lönd færa losun annað

Umhverfissamtök hafa lengi barist

fyrir því að rík lönd axli ábyrgð og dragi úr neysludrifinni losun svo að loftslagsréttlætis sé gætt. Á það er bent að loftslagsbreytingar spyrja ekki um landamæri og þótt neysludrifin losun sé ekki talin með í alþjóðlegum skuldbindingum er ekki þar með sagt að líta megi framhjá henni.

Stór hluti þeirrar losunar sem Vesturlönd bera ábyrgð á verður til í fjarlægum löndum. Það er vegna þess að ríkari lönd hafa að miklu leyti fært framleiðslu, og þar með losun, úr landi, sem hefur leitt til þess að hægt hefur á staðbundinni losun. Evrópusambandinu hefur til dæmis tekist að draga úr losun á undanförunum árum en á sama tíma hefur losun margfaldast í mörgum Asíuríkjum. Ef neysludrifin losun er hins vegar talin með í losunartölum er kolefnissporið á hvern einstakling í Evrópusambandinu stærra en í Kína, eða 11 tonn CO₂ á ári samanborið við 8 tonn CO₂. Neysludrifin losun er því mikilvægt mælitæki til að geta séð svart á hvítu heildarlosun einstakra landa.

Eina leiðin að breyta neysluhegðun

Áætlanir Svía um neysludrifin losunarmarkmið byggja meðal annars á viðamikilli skýrslu Chalmers tækniháskólans. Skýrsluhöfundar benda á að eina leiðin til að standast markmið Parísarsáttmálans sé að breyta neysluhegðun. Meðal annars þurfi að fjárfesta í umhverfissvænni tækni, minnka kjötneyslu og draga úr umferð. Fram kemur í skýrslunni að neysludrifin losun Svía hafi verið um 9 tonn CO₂ á einstakling árið 2019. Eigi þau markmið sem ríki heims hafa sett sér í loftslagsmálum að nást þarf losun hins vegar að minnka í um 2,2 tonn CO₂ á einstakling árið 2050. Til samanburðar var losun einstaklinga sem tilheyra ríkustu 10% jarðarbúa rúmlega 20 tonn CO₂ árið 2015 og losun ríkasta 1% jarðarbúa rúmlega 70 tonn CO₂ á

CO₂-ígildi

Þegar talað er um CO₂ losun í þessari grein er vísað til CO₂-ígilda, eða koldíoxíðígilda, en það er sú mælieining sem er notuð til að halda utan um losunartölur fyrir gróðurhúsalofttegundir. Þannig samsvarar eitt tonn af CO₂-ígildi einu tonni af koldíoxíði eða því magni annarra gróðurhúsalofttegunda (t.d. metans, glaðlofts eða F-gasa) sem hefur sambærilegan hnatthlúnunarmátt (e. global warming potential). Heimild: Loftslagsráð

að jarðarbúa rúmlega 70 tonn CO2 á einstakling sem tilheyrir þeim hóp. Í tillögnum til ráðherra er gert ráð fyrir neysludrifin losun dragist saman um 66% fyrir árið 2045 og fari úr 9 tonnum í 2–3 tonn.

Svíar fylgjandi harðari aðgerðum

Samkvæmt rannsókn Fjárfestingabanka Evrópu frá árinu 2021 eru 76% Svía fylgjandi því að stjórnvöld grípi til harðari aðgerða til að breyta neysluhegðun. Það gefur til kynna að Svíar séu í stakk búin til að láta reyna á markmið um neysludrifna losun.

Elisabetta Cornago, loftslagssérfræðingur hjá hugveitunni Centre for European Reform, segir að með þessari ákvörðun sé Svíþjóð að setja enn meiri metnað í loftslagsmálin og það ýti við löndum sem vilja lita á sig sem fyrirmyndir í þeim efnum.

Svæðisbundnar útblástursmælingar liggja til grundvallar þegar markmið um að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda hafa verið sett. Því má segja að Íslendingar hafi lífað í svo kallaðri lágkolefnistálsýn því þrátt fyrir sérstöðu þegar kemur að endurnýtanlegri orku er lítið tillit tekið til þess útblásturs sem neysla einstaklinga á innfluttum vörum veldur.

Stórt fótspor Íslendinga

Neysludrifin losun er almennt mikil á Vesturlöndum og í löndum heims þar sem efnahagsleg velsæld ríkir. Ísland er þar engin undantekning. Fyrsta greiningin á neysludrifinni losun Íslendinga var gerð árið 2017 af Clarke, Heinonen og Ottelin. Samkvæmt útreikningum þeirra var neysludrifin losun Íslendinga meiri en flestra annarra Evrópuríkja eða um 9 tonn CO2 á einstakling. Það var sambærilegt og hjá Frökkum og Svíum. Neysludrifin losun er ekki reiknuð inn í loftslagsmarkmið Íslands frekar en nokkurra annarra landa en nú þegar Svíþjóð mun ríða á vaðið er líklegt að önnur lönd fylgi á eftir.



Jukka Heinonen er prófessor í umhverfis- og byggingaverkfræði við Háskóla Íslands og hafa rannsóknir hans m.a. sýnt fram á að neysludrifin losun Íslendinga er mjög mikil. Við spurðum Jukka af hverju það skipti máli að lönd mæli neysludrifna losun.

„Ef við horfum eingöngu á mælingar á svæðisbundinni losun í tilteknu landi þá endurspeglar mælingarnar ekki þá losun sem íbúarnir bera ábyrgð á vegna innflutnings á neysluvörum. Þetta getur leitt til þeirrar blekkingar að tiltekin lönd sýna fram á samdrátt í losun en á sama tíma gæti losun á heimsvísu verið að aukast.“ Jukka segir íbúa á Norðurlöndum vera með tvisvar til þrisvar sinnum stærra kolefnisfótspor en að meðaltali á heimsvísu og Ísland er þar á topnum. „Málið snýst líka um það hvaða tímupunktur við tökum sem útgangspunktur þegar horft er til markmiða um að draga úr losun til að standast markmiðið um 1,5 gráðu hlýnun. Ríkari lönd bera ábyrgð á lungunum af sögulegri losun gróðurhúsalofttegunda. Það er því eðlilegt að spyrja hvort við, ríkari lönd, höfum rétt til að nota stærra hlutfall af þeim kolefniskvóta sem eftir er eða hvort þessu ætti að vera öfugt farið – að við þyrftum að draga saman mun meira og hraðar en þau lönd sem hafa sögulega losað töluvert minna.“

Rík lönd búin með kvótann

Jukka bendir á að ef farið sé aftur í

tíma sé augljóst að það eru ríku löndin og eftirspurn þeirra eftir vörum sem hefur leitt til þeirra loftslagsbreytinga sem við stöndum frammi fyrir. „Við erum í raun búin að eyða okkar loftslagskvóta. Spurningin er þá hvers vegna lönd sem hafa sögulega losað margfalt minna en ríkari lönd ættu að sætta sig við að mega ekki neyta líkt og við í ríkari löndum. Ef við öxlum ekki ábyrgð á okkar losun af hverju ættu þau að gera það? Þetta er auðvitað ein meginástæða þess að eftir áratuga samningaviðræður um loftslagsmál hefur enn ekki tekist að stöðva vöxt á útblæstri gróðurhúsalofttegunda.“

En telur Jukka að þróunin verði meira í átt að neysludrifinni losun, jafnvel að farið verði að skattleggja neysluvörur út frá kolefnisfótspori þeirra? „Það virðist vera stefnan. Nokkur lönd hafa nú þegar tekið fyrstu skrefin hvað varðar aðgerðir til að mæla neysludrifna losun og einnig má finna slíkt frumkvæði á vettvangi sveitarfélaga. Slík mæling er mjög mikilvæg.“ Hvað varðar kolefnisskatt á neysluvörur segir Jukka að það sé líklega framtíðin, sér í lagi þar sem afleiðingar og beinn kostnaður loftslagsbreytinga verði sífellt sýnilegri. Við séum þó langt frá því að geta sett skilvirka og sanngjarna kolefnisskatta á neysluvörur enn sem komið er. Flækjustigið við að reikna út losun fyrir hverja vöru sé einfaldlega of mikið. „Við slíka útreikninga þarf að taka tillit til fjölmargra þátta allt frá framleiðslustigi og þar til varan er komin í hendur neytenda. Einnig þyrfti í mörgum tilfellum að taka tillit til landnotkunar og samræmdar aðferðir við slíka útreikninga eru einfallega ekki til í dag.“ Jukka bætir við að jafnvel þótt okkur tækist að setja á samræmt kerfi sem raunverulega mælir losun á einstaka vörum munu sterk hagsmunaöfl í hinum ýmsu geirum tryggja að þróunin á slíkri skattlagningu verði mjög hæg. Þar fyrir utan sé hæpið að breið pólitísk sátt náist um slíka skattlagningu í bráð. ✘

Villta vestrið í innheimtu

- kallað eftir alvöru eftirliti og hámarki á innheimtukostnað



Það var til mikilla bóta þegar loksins voru sett innheimtulög á Íslandi árið 2008 en þau þarf að laga.

Fyrir það fyrsta er ólíðandi að sum innheimtufyrirtæki geti komið sér undan eftirliti og í öðru lagi þarf að setja hámark á innheimtukostnað.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi innheimtufyrirtækja, með þeirri sérkennilegu undantekningu að Lögmannafélag Íslands fer með eftirlit með innheimtustarfsemi lögmanna. Slíkt eftirlit félagasamtaka með félögum sínum er einstakt og taktlaust, enda hefur sýnt sig að smálánafyrirtæki og innheimtuaðilar þeirra hafa nýtt sér það til hins ítrasta. Að ekki sé minnst á hversu bitlaust eftirlitið er, en dæmi er um lögmann sem kvartað var yfir og fékk sjaldgæfa áminningu frá félagi sínu. Hann stefndi kvartandanum og fékk áminninguna niður fellda mótbárlaust frá Lögmannafélaginu, sem tók ekki einu sinni til varna.

Neytendasamtökin hafa lengi kallað eftir því að innheimtulögum verði breytt á þann veg að Fjármálaeftirlitið sinni eftirliti með allri innheimtustarfsemi óháð því hvort starfsemin er í eigu lögmanna eða ekki og að það fái heimild til rannsóknar vakni grunur um að starfsemin brjóti í bága við lög.

Fleiri hundruð manns hafa leitað til Neytendasamtakanna vegna harðneskjulegra innheimtuaðgerða á undanförunum tveimur árum. Lántakendur eru varnarlausir gagnvart kostnaði innheimtufyrirtækja þar sem þeir eiga ekki í viðskiptasambandi við þau heldur við kröfuhafa. Þá er viðskiptasamband kröfuhafa og innheimtufyrirtækja oft á þann veg að hvorugur hefur hag af því að leitað sé hagræðingar við innheimtu. Það bitnar á neytendum.

Af fenginni þessari reynslu telja Neytendasamtökin einnig afar brýnt að sett verði þak á heildarinnheimtukostnað líkt og nágrannaþjóðirnar hafa gert.

Smálánafyrirtækin nýta sér þessa gloppu. Eftir vel heppnaðar breytingar á lögum um neytendalán, þar sem þak var sett á vexti, nýta smálánafyrirtæki sér nú að ekkert hámark er á innheimtukostnaði og hala inn sömu og jafnvel hærri upphæðum í gegnum innheimtugjöld og þau gerðu áður með okurvöxtum. Það má jafnvel færa fyrir því rök að smálánaviðskipti gangi út á að fólk fari í vanskil til þess að geta haft af lántökum verulegar upphæðir í formi innheimtubóknana. Nýlega fluttu Neytendasamtökin fréttir af 12.000

króna höfuðstól í innheimtu sem óx í 45.440 krónur á aðeins 6 vikum, en vöxturinn jafngildir rúmlega 2.400% vöxtum á ársgrundvelli.

Það er mat Neytendasamtakanna að með því að setja þak á innheimtukostnað sé fótunum að miklu leyti kippt undan starfsemi smálánafyrirtækja. Slíkt þak þarf ekki að raska starfsemi heiðvirðra innheimtufyrirtækja, enda væri það langtum herra en það sem gengur og gerist, en bregður fæti fyrir þau fyrirtæki sem nýta sér ágalla kerfisins.

Neytendasamtökin hafa lagt til að innheimtukostnaður megi aldrei verða hærri en upphafleg lánsfjárhæð. Þannig mætti innheimtukostnaður 100.000 kr. neytendaláns nema að hámarki samtals 100.000 kr. og þykir mörgum meira en nóg. Sambærilegt hámark hefur þegar verið sett í nágrannalöndum okkar.

Neytendasamtökin kalla eftir því að lögum verði komið yfir alla innheimtustarfsemi hér á landi. Krafan er þak á innheimtukostnað og raunverulegt eftirlit með innheimtustarfsemi. Hið villta vestur innheimtunnar þarf að líða undir lok. ❧



Ertu að kaupa á netinu?

-Þetta þarftu að vita



Þú mátt skila og fá endurgreitt

Ef þú kaupir vöru á netinu sem þér líkar ekki máttu skila henni og fá endurgreitt. Þetta gildir líka þótt varan sé útsölu eða tilboði. Þú hefur 14 daga til að láta seljanda vita að þú viljir hætta við kaupin og best er að gera það skriflega, svo sem í tölvupósti. Almennt er seljendum ekki skylt að taka við ögölluðum vörum og endurgreiða en við kaup á netinu er tekið tillit til þess að þú hefur ekki haft tækifæri til að skoða vöruna með eigin augum, prófa hana eða mæta.

Þú þarft að skila vörunni hratt og örugglega til seljanda og þarft allajafna að greiða sendingarkostnaðinn. Seljanda ber hins vegar að endurgreiða þér andvirði vörunnar auk kostnaðs við að senda vöruna til þín. Þér ber engin skylda til að taka við inneignarnótu.

Seljandi á að upplýsa þig um þennan skilarétt og ef hann gerir það ekki lengist skilarétturinn um heilt ár.

Þessi ríki réttur til að skila ógallaðri vöru gildir þó ekki um öll kaup, svo sem; flugmiða, pakkaferðir, mat, bílaleigur, sérpantanir og vörur þar sem innsigli hefur verið rofið. Þá gildir hann ekki ef verð vörunnar er lægra en 7.045 kr.

Seljandi á að veita upplýsingar

Seljandi hefur ríka skyldu til að upplýsa þig um flest allt sem máli skiptir, svo sem um eiginleika vörunnar, heildarverð, rétt til að skila vörunni, afhendingartíma og hvert og hvernig þú getur kvartað. Seljandi á einnig að gefa upp nafn fyrirtækis, netfang, símanúmer og heimilisfang.

Viðbótarkostnaður

Þegar vörur eru keyptar frá útlöndum getur bæst við töluverður kostnaður, svo sem send-

ingarkostnaður, umsýslugjald og virðisauka-skattur. Sumir seljendur setja þennan kostnað inn strax við kaup en á því er allur gangur. Hægt er að sjá hvaða kostnaður leggst á erlendar sendingar á vef Íslandspósts og Skattsins.

Svikasiður

Það er ekki alltaf auðvelt að sjá í gegnum svikastarfsemi en þó eru nokkur atriði sem mikilvægt er að skoða áður en þú greiðir fyrir vöruna. Nafn seljanda, heimilisfang, tengiliðaupplýsingar og skilmálar eiga að koma skýrt fram. Ef farið er fram á millifærslu í stað viðurkenndrar greiðslu eins og kreditkorts eða PayPal er rétt að hafa varann á. Þá má benda á vefsíður eins og Scamadvisor.com sem meta hvort einstaka netverslunum sé treystandi.

Erlend netverslun

Sömu lög gilda um netverslun á öllu evrópska efnahags-svæðinu (EES).

Það þýðir að þú átt sama rétt hvort sem þú kaupir í gegnum íslenskan söluvef eða evrópskan. Ef þú lendir í deilum við seljanda innan EES getur þú leitað til Evrópsku neytenda-aðstoðarinnar ecc.is.

Ef seljandi neitar?

Ef þú lendir í vandræðum vegna netkaupa getur þú leitað til Neytendasamtakanna. Fyrsta skref er þó alltaf að kvarta beint við seljanda. ❧



Fyrir áhrifavalda er dýrmætast að safna sem flestum fylgjendum því þannig ná auglýsingarnar til sem flestra. Kim Kardashian er einn frægasti áhrifavaldur í heimi með um það bil 330 milljónir fylgjenda á Instagram.

Mynd: depositphotos

E PEOPLE'S
CHOICE
AWARDS

TH
HAV

Áhrifavaldar og duldar auglýsingar

Mörg dæmi eru um að áhrifavaldar freistist til að auglýsa vöru og þjónustu án þess að koma hreint fram. Ef ekki er alveg skýrt að áhrifavaldur fær greitt fyrir umfjöllun um tiltekna vöru eða þjónustu er það brot á lögum. Neytendur eiga alltaf rétt á að vita hvort skoðun áhrifavalds er keypt.

Nýjar leiðbeiningar til hjálpar áhrifavöldum

Neytendastofa hefur birt nýjar leiðbeiningar sem eiga að hjálpa áhrifavöldum að fylgja lögum og um leið að vernda neytendur gegn villandi markaðssetningu. Neytendablaðið tók Þórunni Önnu Árnadóttur, forstjóra Neytendastofu, tali og spurði hana hvort mikið bæri á kvörtunum vegna auglýsinga áhrifavaldar. Þórunn segir að ein til tvær ábendingar berist að meðaltali í hverri viku en þeim fjölgi verulega í hvert sinn sem umræðan um duldar auglýsingar fari á flug í samfélaginu. Aðspurð segir Þórunn að það hafi verið kominn tími á að uppfæra leiðbeiningarnar með tilliti til nýrra samfélagsmiðla. „Þá langaði okkur að setja leiðbeiningarnar fram á myndrænan hátt. Algengt er að þessar auglýsingar séu birtar af einstaklingum sem því miður virðast ekki þekkja reglurnar jafn vel og fyrirtækin og því fundum við fyrir meiri þörf á ítarlegri leiðbeiningum.“

Auglýsingar verður að merkja

Þórunn segir meginregluna vera þá að auglýsingar skuli vera skýrt aðgreindar frá öðru efni þannig að umfjöllun sem er í raun auglýsing þarf að vera merkt sem slík. „Þetta þýðir að áhrifavaldur, hvort sem er á YouTube, Instagram eða hvaða miðli sem er, þarf að merkja skýrt og skilmerkilega að hér sé auglýsing á ferð. Merkingin getur einfaldlega verið „Auglýsing“ eða tekið fram með einhverjum hætti að greitt hafi verið fyrir umfjöllun.“

Þarf að túlka einstök tilvik

Þar sem ekki er tekið fram í lögnum hvernig nákvæmlega eigi að merkja auglýsingar segir Þórunn Anna að það geti verið erfitt fyrir einstaklinga og fyrirtæki að átta sig á því hvernig einstök tilvik eru túlkuð. Þegar mál berast Neytendastofu þarf því að meta hvað sé auglýsing og hvenær merking um auglýsingu sé nægilega skýr. „Með leiðbeiningunum erum við þess vegna að gera grein fyrir því hvernig túlkun á ákvæðinu hefur mótast í framkvæmd, bæði hér á landi og á hinum Norðurlöndunum. Þess vegna getur stofnunin haft þessar nýju leiðbeiningar ítarlegri en áður var því nú hefur reynt meira á ákvæðið vegna auglýsinga á samfélagsmiðlum.“

Ekki nóg að merkja „sp“

Hvaða gildir eru það helst sem áhrifavaldar falla í? „Við sjáum að merkingar hafa aukist verulega frá því sem áður var, sem er jákvætt. Vissulega berast ennþá ábendingar um umfjallanir sem hafa engar merkingar en það er orðið algengara að merking komi of seint fram eða að notast sé við óskýrt orðalag. Við höfum til dæmis fengið ábendingar um að umfjöllun sé merk með „sp“, sem er skammstöfun fyrir „sponsored“ sem á að vísa til þess að að umfjöllunin sé kostuð og þar af leiðandi auglýsing. Þetta er dæmi um merkingu sem er til þess fallin að vera ekki nóg skýr.“

Neytendastofa getur beitt viðurlögum ef áhrifavaldar fara ekki að lögum og fara þau eftir eðli brotanna. Ef brotin eru alvarleg getur komið til stjórnvaldssekta og dagsekta. ❖



Þórunn Anna Árnadóttir, forstjóri Neytendastofu

Áhrifavaldur er skilgreindur svo í íslenskri nútíma-málsorðabók: Persóna á samfélagsmiðlum sem er tískufyrirmynd og kemur vörum á framfæri gegn greiðslu.

Rafmögnuð tannhirða

Saga rafmagnstannburstans er ekki ýkja löng. Árið 1954 fékk svissneski uppfinningamaðurinn Dr. Phillipe-Guy Woog einkaleyfi á Broxodent, fyrsta nothæfa rafmagnstannburstanum. Sá galli var þó á gjöf Njarðar að við notkun þurfti burstinn að vera tengdur beint í rafmagn sem takmarkaði notagildið.

Á sjöunda áratugnum hannaði General Electrics fyrsta „þráðlausa“ rafmagnstannburstann en hann var dýr, klunnalegur og erfiður í meðförum. Rafhlöðuendingin var svo lítil að burstinn þurfti að vera í nær stöðugri hleðslu og, það sem verra var, líftími rafhlöðunnar var mjög stuttur. Henni var ekki hægt að skipta út og því þurfti að kaupa nýjan bursta þegar rafhlaðan gaf sig. Þetta er reyndar vandamál með marga bursta enn í dag.

Tveir risar á markaði

Árið 1992 leit Sonicare rafmagnstannburstinn dagsins ljós, eftir áralangar rannsóknir. Hollenska alþjóðafyrirtækið Philips keypti Sonicare árið 2000 og ári síðar var Sonicare mest seldi rafmagnstannburstinn í Bandaríkjunum. Annað stórfyrirtæki, Procter & Gamble, keypti Gillette árið 2005, en Gillette átti Oral-B, helsta keppinaut Sonicare. Þessi tvö vörumerki, Oral-B og Phillips Sonicare, hafa síðan háð nokkurs konar rafmagnstannburstastríð og deila að mestu með sér markaðinum í dag. Bæði fyrirtækin hafa varið milljónum Bandaríkjadala í hönnun og þróun. Sumar nýjungar sem kynntar hafa verið til sögunnar eru einfaldar, svo sem tímastillir sem lætur vita þegar hinar ráðlögðu tvær burstunarmínútur eru liðnar og ljós sem gefur til kynna að hleðsla sé í gangi. Aðrar eru flóknari, svo sem „ultrasonic“ tannburstahaus sem titrar á hærri tíðni en mannseyrað nemur og þrýstiskynjari sem lætur vita, með ljósi eða hljóði, ef burstað er of fast eða of laust.

Endalaust úrval - hvað er málið?


Markaðurinn fyrir rafmagnstannbursta stækkar dag frá degi og úrvalið er svo mikið að undrum sætir. Einn og sami framleiðandi er jafnvel með tugi mismunandi útfærslna af því sem lítur út fyrir að vera einn og sami burstinn.

Tim Harford, hagfræðingur og þátta-

stjórnandi „More or Less“ á BBC, segir í samtali við tæknitímaritið Wired UK að fyrirtæki freistist eðlilega til að vera með mikið úrval og breitt verðbil. „Procter & Gamble og Philips vilja selja þér tannbursta sem kostar 300 sterlingspund en ef þú vilt ekki eða getur ekki borgað svo mikið vilja þau frekar að þú eyðir 20 pundum en engu. Markmiðið er að hver viðskiptavinur borgi eins mikið og hann er reiðubúinn að gera.“ Harford segir það ekki ganga að stilla tveimur sambærilegum tannburstum hlið við hlið og verðleggja annan hátt og hinn lágt. Fyrirtækin reyni því að finna út hversu mikið viðskiptavinurinn er tilbúinn að borga með því að bjóða upp á margar tegundir með mismunandi möguleikum. Einhverjir munu alltaf kaupa ódýrustu tegundina en ef fólk vill eyða í hátækni-snjallbursta er sá möguleiki líka í boði.

Gæðakönnun á burstum

Fyrr á árinu birti sænska neytendablaðið Råd och Rön gæðakönnun á rafmagnstannburstum. Rannsóknin fólst fyrst og fremst í því að meta hversu vel tannburstinn hreinsar burt tannskýlu. Tannskýla er skán sem myndast á tönnum (úr matarleifum, bakteríum og munnvatni) og er ekki hægt að skola burt með vatni. Tannsteinn myndast ef tannskýlan er látin óáreitt og aukast þá líkur á tannskemmdum en með góðri tannhirðu er hægt að halda tannskýlu í skefjum.



Rannsóknin gekk þannig fyrir sig að 20 þátttakendur voru fengnir í verkið og máttu þeir ekki bursta tennurnar í 8 tíma. Því næst skoluðu þeir munninn með þar til gerðu litarefni og burstuðu svo tennurnar samkvæmt leiðbeiningum í tvær mínútur. Þátttakendur fengu ekki að horfa í spegil samhliða burstun svo þeir sæju ekki litarefnið á tönnum. Sérfræðingur mátu síðan hversu vel tókst til við að hreinsa burt tannsykluna. Aðrir þættir sem fengu vægi voru m.a. þægindi við notkun, rafhlöðuending, hleðslutími og þrýstiskynjari.

Alls voru 17 tannburstar skoðaðir og af þeim voru níu Oral-B burstar sem tilheyra hinum og þessum vörulínum. Hæstu einkunn fékk Oral-B iO series 7, 8 og 9 en titillinn „Bestu kaup“ fékk tannbursti frá Jordan (Smile Plus), sem fékk góða einkunn og var jafnframt mun ódýrari en Oral-B iO vörulínan. Tannbursti frá Phillips Sonicare (Prestige) lenti í sjöunda sæti en fékk þó bestu einkunn fyrir „þrif á tönnum“. Hann þótti hins vegar ekki jafn meðfærilegur í notkun og Oral-B iO og Jordan-burstinn, sem dró heildareinkunn niður. Verstu einkunn fengu tvær tegundir frá Silk'n.

Rafmagns eða venjulegur?

Lesendur gætu spurt sig hvort það sé þess virði að eyða fleiri þúsundum króna, tugum þúsunda jafnvel, í rafmagnstannbursta eða hvort gömlu

góðu tannburstarnir standi fyllilega fyrir sínu. Er tannburstun virkilega svo flókin að gervigreind þurfi að koma við sögu? Gæðakönnunin sænska svarar því ekki, enda einungis verið að meta hvaða rafmagnstannbursti skilar hlutverki sínu best. Fræðimenn hafa þó reynt að svara þessari spurningu og um það er m.a. fjallað í fyrrnefndri grein í Wired UK.

Peter Robinson, yfirmaður tannlæknadeildar háskólans í Bristol hefur, ásamt fleiri fræðimönnum gert safngreiningu (meta-analysis) þar sem rýnt er í allar rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu sviði og studdust við viðurkennda aðferðafræði. Í því skyni var stuðst við Cochrane-gagnabankann, sem er mjög virtur vísindagagnagrunnur. Niðurstaðan sýni að rafmagnstannburstar gefa aðeins betri raun en hefðbundnir burstar. Þegar meta á hvaða tegund rafmagnstannbursta er best, til dæmis hvort dýrari burstar séu betri en ódýrari, vandast málið. Rannsóknir gefa til kynna að tannburstahaus sem snýst skili betri árangri en haus sem hreyfist fram og til baka en munurinn er of lítill til að vera marktækur. Engar rannsóknir eru til sem sýna fram á að dýrari tannburstar séu betri en ódýrari. Fridus van der Weijden, prófessor í tannlækningum við háskólann í Amsterdam, segir rafmagnstannbursta óumdeilanlega þess megnuga að fjarlægja alla tannsyklu ef rétt er að verki staðið og því sé það í raun notandinn

sem sé „vandamálið“. Sé dýrari bursti með alls kyns tækniþellum líklegri til að fá eigandann til að bursta tvisvar á dag í tvær mínútur í senn megi halda því fram að dýrari bursti sé þess virði.

Hátækni burstar ekki betri

Á vefsíðunni electricteeth.co.uk má finna áhugaverðan fróðleik og samanburð á rafmagnstannburstum. Electricteeth valdi Oral-B Smart 1500 tannbursta ársins 2022 en helstu kostir eru meðal annars þessir: Lítil bursti sem nær að hreinsa vel á stöðum sem alla jafna er erfitt að ná til, viðvörunarljós ef burstað er of fast, hleðsla sem dugar í tvær vikur og sanngjarnt verð (innan við 15.000 kr á Amazon). Kjósi fólk heldur Philips Sonicare er 4100 vörulínan sambærileg.

Philips Sonicare 9900 fær svo titillinn „Most features“ eða flestir notendamöguleikar. Electricteeth mælir almennt ekki með snjalltannburstum (þ.e. burstum með bluetooth tækni) en telja Sonicare 9900 bestan þeirrar gerðar. Burstinn er dýr og með óþarflega mörgum fidusum. Hann fer hins vegar mjög vel í hendi, auðvelt er að halda honum hreinum og hann veitir notandanum eins góðar upplýsingar og tannburstum er yfirhöfuð fært. Athygli vekur að þessi sama tegund fékk bestu einkunn fyrir hreinsun tanna í sænsku könnuninni og hæstu einkunn af öllum Sonicare tegundunum. ✖

Umhverfisvænn rafmagnstannbursti

- er það til?

Rannsókn á umhverfisáhrifum tannbursta, sem gerð var árið 2020, sýndi fram á að neikvæð umhverfisáhrif rafmagnstannbursta eru 11 sinnum meiri en bambustannbursta.

Ástæðan er sú að rafmagnstannburstar eru langoftast úr plasti og þeim fylgja rafhlaða og hleðslutæki, sem flækir endurvinnsluferlið. Það fer mun meiri orka í að framleiða rafmagnstannbursta en hefðbundna bursta og sumar tegundir koma með alls kyns plastaukahlutum eins og ferðahulstri og statífi til að festa símann á spegil, að ógleymdu öllu umbúðafarganinu. Philips Sonicare og Oral-B, sem hafa tögl og hagldir á rafmagnstannburstamarkaðinum hafa verið háum fjárhæðum í þróun og hönnun en ekki er að sjá að umhverfisáherslan hafi ráðið för.

Electricteeth tilnefnir tannbursta frá Suri sem besta kostinn út frá umhverfissjónarmiðum og á vefsíðu Suri má sjá hið snjalla slagorð

„We will not brush the problem aside“.

Fyrirtækið hverfist í raun um að framleiða rafmagnstannbursta með eins litlum neikvæðum umhverfisáhrifum og hægt er og að allir íhlutir séu endurvinnanlegir. Burstahausinn er gerður úr sterkju og burstahárin úr laxerolíu (castor-oil). Notendur eru hvattir til að senda fyrirtækinu notaða hausea til endurvinnslu og séu þeir í Bretlandi eða í Bandaríkjunum er sendingin á kostnað fyrirtækisins. Handfangið á burstanum er úr áli, sem er auðveldara að endurvinna en plast, og framleiðslan er kolefnisjöfnuð að fullu. Suri-burstinn mun vera hannaður með það í huga að ef hann bilar sé auðvelt að gera við hann. Electricteeth segir burstann vel hannaðan og hann þrifi tennurnar þokkalega vel en ókostur sé að þrýstiskynjara vantar og verið sé í hærri kantinum. ❌

Tannbursta-sóun

Tannburstar úr plasti, eins og við þekkjum þá, voru ekki framleiddir að neinu ráði fyrr en eftir seinni heimsstyrjöld. Síðan þá hafa verið framleiddir tugir ef ekki hundruð milljarða tannbursta.

Líftími tannbursta er stuttur því mælt er með því að skipta þeim út á 3-4 mánaða fresti. Talið er að í Bandaríkjunum sé einum milljarði tannbursta hent á hverju ári. Á Íslandi – samkvæmt sömu útreikningum – er magnið á einu ári rúmlega milljón burstar. Því er gjarnan haldið fram að hver einasti tannbursti sem hefur verið framleiddur sé ennþá til á jörðinni, þ.e. í landfyllingum og á höfum úti. Þótt eitthvert magn hafi eflaust farið í brennslu er þetta ekki fjarri lagi og lýsandi fyrir þann umhverfisvanda sem þessi sjálfsagða neysluvara hefur skapað.

Margir hafa tekið bambusburstum fagnandi því þeir eyðast á nokkrum árum, ólíkt plastburstum. En þótt þeir séu vissulega langtum umhverfisvænni er líftími þeirra eftir sem áður stuttur. Þegar burstahausinn verður lúinn er ekki annað til ráða en að henda öllum burstanum þrátt fyrir að handfangið sé enn brúklegt. Þróunin í þessum efnum hefur verið furðu hæg því það er ekki flókið að framleiða tannbursta með útskiptanlegum burstahaus. Í fyrra kynnti Colgate slíkan bursta til leiks, Colgate Keep, sem er með handfangi úr áli. Oral-B Click, Goodwell og Radius eru af sama meiði, svo dæmi séu nefnd. Með því að skipta út burstahausnum, en ekki öllum burstanum, er hægt að minnka plastsóun til muna. Ef burstahausinn er þess utan úr bambus, lífplasti eða öðru endurvinnanlegu efni næst verulegur umhverfisávinningur. Þessar lausnir eru þegar til en þrátt fyrir það er gamli plasttannburstinn alltumlykjandi. ❌



Kostaboð! Vildarkjör! Gylliboð!

- von á strangari reglum

Flest erum við ginnkeypt fyrir góðum tilboðum. Það vita seljendur og því er afar algengt að vörur séu boðnar á „tilboði“ af hinu og þessu tilefni.

Það er þó ekki þannig að seljendur megi gera hvað sem er í þessum efnum því tilboð verður raunverulega að vera tilboð. Þetta þýðir að tilboðsvara þarf að hafa verið seld á hærra verði í ákveðinn tíma áður en hún er sett á tilboð. Verðlækkunin þarf með öðrum orðum að vera raunveruleg. Ef seljandi býður opunarafslátt eða kynningarafslátt af nýrri vöru þarf hann einnig að geta sýnt fram á að varan hafi síðar verið hækkuð í verði.

Seljandi má vissulega lækka og hækka verð eins og honum sýnist, enda er verðlagning frjáls. En auglýsi seljandi tilboð, afslátt eða kynningar- og opunartilboð þarf hann að fylgja reglum sem Neytendastofa hefur gefið út og hefur eftirlit með.

Danir og Svíar herða reglur

Í Danmörku hefur verið skerpt á reglum um útsölur og tilboð. Nú þarf vara að hafa verið á sama verði í minnst 30 daga til að seljandi megi nota það sem „fyrra verð“ sé tilboð, útsala eða lækkað verð auglýst. Samhliða hefur tímalengd sem vara má vera á tilboði verið stytta úr 14 dögum í 10 daga. Markmiðið er að koma í veg fyrir að seljendur setji sömu vöruna á tilboð aftur og aftur. Reglur þessar eiga þó ekki við um vörur með stuttan endingartíma.

En hvað þýðir þessi 30 daga regla í raun? Í danska neytendablaðinu Tænk er tekið dæmi. Sjónvarp sem er selt á 70.000 krónur er sett á tilboð í nokkra daga í lok nóvember á svörtum föstudegi.

Tilboðsverið er 50.000 kr. Í desember er sama sjónvarp aftur komið á tilboð en ekki eru liðnir 30 dagar frá fyrra tilboði. Þá verður seljandi að miða við að „fyrra verð“ sé 50.000 kr. en ekki 70.000 kr.

Í Svíþjóð hefur neytendavernd einnig verið aukið með viðtækum lagabreytingum sem ná yfir samninga, fjarsölu, markaðssetningu og verðmerkingar. Maria Wiesel, sérfræðingur hjá sænsku neytendasamtökunum, segir lagabreytingarnar löngu tímabærar. Löggjöfin ná vart að halda í við þær miklu samfélagsbreytingar sem orðið hafa á neytendaumhverfinu síðustu ár og áratugi. Wiesel segir að líklega verði neytendur einna helst varir við breytingar á reglum um útsölur og tilboð. Líkt og í Danmörku er seljendum nú gert mun erfiðara fyrir að „fúska“ með tilboðs- og útsöluverð eins og Svíar orða það.

Breytinga að vænta

Matthildur Sveinsdóttir er sviðsstjóri hjá Neytendastofu, sem gefið hefur út „Reglur um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði“. Hún segir breytingarnar í Svíþjóð og Danmörku byggja á Evróputilskipun sem muni verða innleidd hér á landi. Aðspurð segir Matthildur að þessar nýju reglur muni í einhverjum tilvikum takmarka tilfallandi tilboð og tíðar verðbreytingar, sem getur skilað sér í betri verðvitund neytenda. Þá fela þær í sér mikla réttarbót enda betur tryggt að tilboð sé bara boðið þegar verðlækkun er raunveruleg.

Neytendasamtökin munu þrýsta á um að stjórnvöld flýti innleiðingu sem mest má vera. Um mikilvæga réttarbót er að ræða fyrir neytendur sem engin ástæða er til að draga á langinn. ✂



Fyrir rúmum áratug voru brögð að því að jólabækur væru settar á „tilboð“ svo að segja um leið og þær komu út. Neytendastofa tók hart á því og sektaði verslanir fyrir athæfið.



Matthildur Sveinsdóttir, sviðsstjóri hjá Neytendastofu

Aukinni vefverslun fylgja óvæntar áskoranir. Þetta á ekki síst við um fataframleiðendur sem eiga það til að farga vörum í stað þess að koma þeim aftur í sölu.



Fötum fargað

Það er óneitanlega þægilegt að geta keypt fót á netinu án þess að þurfa að fara út úr húsi. Það er ekki síður hentugt að geta skilað fötunum og fengið endurgreitt án þess að gefa upp nokkra ástæðu. Réttur neytenda, þegar netkaup eru annars vegar, er mjög ríkur, sem er vel. Netkaupum fylgja þó óvæntar skuggahliðar.

Meira skilað ef keypt er á netinu

Það er ekki alltaf svo að varningur, sér í lagi skór og fatnaður, sem keyptur er á netinu falli í kramið. Það getur verið erfitt að meta stærðir, snið, efni og saumaskap í gegnum skjáinn.

Löggjöfin tekur tillit til þess að við netkaup er ekki hægt að skoða vöruna, þreifa á henni og máta. Neytendur hafa því 14 daga til að ákveða hvort þeir vilja skila vörunni og fá endurgreitt.

Áætlað er að neytendur skili innan við 10% af vörum sem keyptar eru í verslunum. Í rannsókn sem birtist í tímaritinu Nature er talið að þegar netkaup eru annars vegar geti hlutfallið verið allt að 40%. Þessi vöruskil hafa neikvæðari umhverfisáhrif en ætla mætti.

Skilavörum fleygt

Fyrirtækið Optoro, sem sérhæfir sig í öfugu vöruflyði (e. reverse logistics), áætla að á árinu 2020 hafi losun koltvísyrings vegna netvöruskila vegið 16 milljónir tonna. Það jafngildir útblæstri 3,5 milljóna bíla á ári. Þegar vörur hafa verið sendar aftur til seljanda, með ærnum umhverfistil-kostnaði, er þó ekki víst að þær fari aftur í sölu. Það getur nefnilega verið ódýrara að farga skilavöru en að koma henni aftur inn í sölukerfið. Optoro áætla að á árinu 2020 hafi 2,6 milljónir tonna af skilavörum verið urðuð í Bandaríkjunum.

Brugðist við raðskilum

Í ljósi þess hversu auðvelt er að skila flíkum sem keyptar eru á netinu er ekki óalgengt að fólk panti nokkrar mismunandi stærðir, máti í rólegheitum heima hjá sér og skili svo þeim flíkum sem ekki passa. Þessi hegðun hefur leitt af sér hugtakið raðskilari (e. serial refunder) en það er neytandi sem stundar það að kaupa föt eða annan varning á netinu en skilar svo megninu aftur. Stundum er markmiðið með kaupunum ekki annað en að ná mynd af herlegheitunum til að sýna sig á samfélagsmiðlum.

Svo rammt kveður að vöruskilum að sumar net-verslanir hafa brugðið á það ráð að innheimta sérstakt vöruskilagjald. Þar á meðal er tiskurisinn Zara en einnig má nefna Next, Everlane, Uniqlo, Sports Direct og Bohoo. Ástæðan er sú að vöruskil eru kostnaðarsöm fyrir seljendur, sér í lagi ef vörurnar eru mjög ódýrar. Þegar flik er skilað þarf að tryggja að hún sé söluhæf og það getur þurft að gera við flíkina, hreinsa hana og strauja. Þá þarf að pakka henni á nýjan leik, merkja og koma í rétta hillu í rétt vöruhús. Fyrirhöfnin er slík að það getur verið einfaldara og ódýrara fyrir seljanda að hreinlega henda flíkinni beint á haugana.

Skilagjaldið er þá dregið af sendingarkostnaði en margir seljendur bjóðast til að greiða sendingarkostnaðinn þegar vöru er skilað.

Fötin passa ekki

Christine Marzano, stofnandi og forstjóri tiskutækifyrirtækisins BODS, segir í samtali við breska Vogue-tímaritið að langalgengasta ástæða þess að fötum er skilað, eða í 70% tilfella, sé sú að þau passa illa. Ástæða þess að margir neytendur kaupa fjölda stærða til að prófa heima sé sú hversu erfitt er að átta sig á stærðum og sniðum. Fólk gerir sér þó almennt ekki grein fyrir að skilavörur geti endað í brennslu eða urðun.

Marzano segir að ráðast verði að rótum vandans. Seljendur verði að veita neytendum betri upplýsingar um snið og stærðir, svo sem með því að sýna fötin á fyrirsætum með margs konar líkamsvöxt. BODS gengur þó skrefinu lengra og hefur hannað fatamátunartækni sem gerir fólk kleift að útbúa sína eigin tölvugerðu sýndarveru svo það geti séð svart á hvítu hvernig fötin muni passa. Forritið býr til sýndarveruna út frá málum eða myndum sem viðskiptavinur hleður niður af sjálfum sér. Viðskiptavinurinn – í líki sýndarveru – getur nú mátað þau föt sem honum list á og séð hvernig ólík snið og mismunandi stærðir passa í raun.

Seljendur geta gert betur

„Sýndarmátun“ er á nefaframtíðin, en þar tiltæknin nær fötfestu er ýmislegt sem fata-netverslanir geta gert til að auðvelda neytendum valið. Breska undirfatakeðjan Fagleaves tók upp á því að bjóða viðskiptavinum sínum að spjalla við mátunarsérfræðing á Skype fyrir kaup. Þessi tilhögun hefur skilað sér í mun minni vöruskilum að sögn fyrirtækisins. Fáar verslanir veita svo góða þjónustu, en ýmsar aðrar leiðir eru færar. Til dæmis er mikilvægt fyrir neytendur að geta skoðað flíkur frá ólíkum sjónarhornum og því fleiri myndir af flíkinni því betra, ekki sist nærmyndir. Þá ættu allar netverslanir að vera með töflu yfir stærðir því engin samræming er til staðar og „medium“ í einu vörumerki getur jafngilt „small“ í því næsta. Stundum er tekið fram í hvaða stærð flíkin er sem fyrirsætun klæðist og jafnvel hversu há fyrirsætun er, sem getur verið mjög hjálplegt.

Því betri og ítarlegri sem upplýsingar frá seljendum eru því meiri eru líkurnar á vel heppnuðum kaupum og minni vöruskilum. Neytendur geta lagt sitt af mörkum með því að beina viðskiptum til seljenda sem veita góðar upplýsingar og hafa skýra umhverfisstefnu. ❧

Heimild: vogue.co.uk, The Guardian, Good housekeeping

„Talið er að kostnaður í Bretlandi vegna skilavöru sé 60 milljarðar sterlingspunda á ári, þar af er þriðjungur vegna netkaupa.“

Gæðakönnun á rafhlöðum

Mikið
framboð
er af einnota
rafhlöðum
en hver
skyldu vera
bestu
kaupin?



Í nýrri gæðakönnun bresku neytenda-samtakanna Which? voru 55 tegundir af einnota AA rafhlöðum skoðaðar. Kannaðar voru rafhlöður frá þekktum framleiðendum sem og minna þekktum, auk rafhlaða merktum helstu verslunarkeðjum Bretlands. Á ns.is má sjá gæðakönnunina í heild en hér í blaðinu er áherslan á þær 27 tegundir sem við fundum í sölu hér á landi og eru jafnframt í könnun Which?

Algengt er að gefið sé til kynna á umbúðum að rafhlöðurnar séu öflugar. Slagorð eins og „Ultra power“, „Longlife“ og „Max Power“ eiga að sannfæra neytendur um að rafhlöðurnar séu öflugri en hjá samkeppnisaðilum. Erfitt er þó að bera saman slíkar fullyrðingar. Er til dæmis „Ultra power“ rafhlaða öflugri eða lakari en „Max power“? Gæðakönnunin svarar því.

Mikill munur á gæðum

Könnunin leiddi í ljós töluverðan gæðamun á rafhlöðum. Ef bestu rafhlöðurnar voru settar í orkufrek tæki (t.d. myndavél eða ljós) entust þær um þremur tímum lengur en rafhlöðurnar sem komu verst út. Væru þær hins vegar settar í miðlungsorkufrek tæki (svo sem jólaljós eða leikjatölvu) dugðu betri rafhlöðurnar allt að 14 tímum lengur. Vissulega þarf einnig að horfa á verðmuninn því ódýrari rafhlöður veita „ódýrari orku“ á hvern klukkutíma í notkun. Rafhlaða frá Aldi (Activ Energy) lenti til dæmis í þriðja sæti með heildareinkunnina 8 (ath. þessi rafhlaða er ekki í töflunni þar sem hún fæst ekki hér á landi). Rafhlaðan frá Aldi kostar 1.69 pund eða 277 kr. á meðan rafhlaðan sem vermir efsta sætið (Energizer Ultimate Lithium) kostar 7 pund eða 1.150 kr. Það er því töluverður verðmunur á þeim rafhlöðum sem lentu í fyrsta og þriðja sæti.

Framleiðandi	Rafhlöðuheiti	Heildareinkunn	Hleðslurým	Endingartími	Endingartími - sundurliðun*		
					Há orkunotkun	Miðlungs orkunotkun	Lítill orkunotkun
		100%	30%	70%	50%	37,5%	12,5%
Energizer	Ultimate Lithium	9,6	10	9,4	9,6	10	7
Philips	Lithium Ultra**	8,6	9	8,4	9	8,7	5,4
GP	Lithium**	7,9	8,9	7,4	8	8	3,3
Duracell	Ultra Alkaline	7,8	7,4	8	7,8	8,3	7,7
Varta	Longlife Power	7,8	7,3	8,1	8,1	8,1	7,5
Duracell	Plus	7,7	7,6	7,7	7,4	8,1	8
Duracell	Ultra Power	7,6	7,5	7,7	7,4	7,9	8
Varta	LongLife	7,6	7	7,9	8	7,9	7,2
Varta	MaxPower	7,6	6,9	7,8	8	7,9	7,1
Duracell	Plus Alkaline	7,3	7,2	7,4	7	7,9	7,4
Duracell	Optimum	7,3	8	7	6,7	7,2	7,6
Energizer	MaxPlus	7,3	7,5	7,3	7,2	7,2	7,9
Duracell	Plus Power	7,2	7,1	7,2	7,2	7,3	7,2
Energizer	EcoAdvanced	7,2	7,1	7,3	7,2	7,4	7,2
Panasonic	Evolta Alkaline	7	7	7,1	7	7	7,4
Energizer	Max Alkaline	6,9	6	7,2	7,4	7,5	5,9
Panasonic	Pro Power Alkaline	6,8	6,9	6,7	6,9	6,3	7,3
Amazon	BasicsPerformance Alkaline	6,6	6,6	6,6	6,7	6,6	6,4
Panasonic	Pro Power	6,6	6,9	6,4	6,5	6	7,3
Varta	High Energy	6,6	6,4	6,6	6,7	6,7	6,1
Panasonic	Evolta	6,1	6,4	6	6,1	5,7	6,5
Philips	Power Alkaline	6,1	6,3	6	6,1	5,7	6,5
Energizer	Alkaline Power	6	6,2	5,9	5,7	6,1	6,3
Energizer	Max AA	6	5,6	6,2	6,3	6,2	5,5
GP	Ultra**	5,8	6,2	5,7	5,4	5,6	7
Ansmann	Alkaline**	5	5,1	5	4,8	5,1	5,5
Kodak	Xtralife	4,8	5,1	4,6	4,2	4,8	5,6

*Endingartími er metinn út frá þremur þáttum; hárrí, miðlungs og lítilli orkunotkun.

** Fannst ekki á netinu í sömu tegund (AA)

© ICRT, Which? og Neytendasamtökin 2022. Óheimilt er að vísa í könnunina án leyfis Neytendasamtakanna.



Rafhlaðan „Ultimate Lithium AA“ frá Energizer fékk hæstu einkunn könnunarinnar. Hún entist afburða vel í orkufrekum tækjum svo sem í myndavélum. Rafhlaðan er með þeim dýrari og því væri það ef til vill bruðil að nota hana í sparneytin tæki, svo sem í fjarstýringar eða í klukkur.

Hvað var kannað?

Í könnuninni voru tveir þættir skoðaðir; annars vegar hleðslurýmd (e. capacity) og hins vegar endingartími rafhlaðanna við mismunandi álag. Hleðslurýmd gildir 30% af hámarkseinkunn og endingartími 70%.

Til að kanna gæðin voru rafhlöðurnar settar í tölvustýrð tæki. Gert var ráð fyrir því að sams konar rafhlöður geti verið mismunandi eftir eintökum og því voru átta rafhlöður hvernar tegundar kannaðar. Þá var einnig gætt að því að fyrningartími allra rafhlaðanna væri sá sami sem og að hitastig rannsóknarstofunnar væri ávallt um 20°C. Endingartíminn var kannaður með þrenns konar álagsprófum. Fyrst voru rafhlöðurnar settar í tæki með háa orkunotkun (svo sem mótör eða leikfang), því næst í tæki með miðlungs orkunotkun (svo sem stafrænan hátalara) og loks í tæki með lága orkunotkun (svo sem útvarp eða klukku). Niðurstöðurnar voru svo skráðar eftir meðal-, hámarks- og lágmarks-endingartíma rafhlaðanna. Við mat á endingartíma höfðu tilraunirnar mismunandi vægi í einkunnargjöf. Mesta vægið hafði rannsókn í tækjum með hárra orkunotkun eða 50%.

Endurhlaðanlegar rafhlöður betri?

Endurhlaðanlegar rafhlöður eru gerðar úr svokölluðu „nickel-metal hydride (NiMH)“ og þær geta enst mjög lengi. Þær eru því ódýrari kostur en einnota rafhlöður og jafnframt betri fyrir umhverfið, þar sem förgun og endurvinnsla einnota rafhlaða hefur stórt umhverfisspor í för með sér. Ókosturinn við endurhlaðanlegar rafhlöður er þó sá að endingartími hleðslunnar er ekki eins langur. Gera má

ráð fyrir 6–7 klukkustunda endingartíma hleðslu þegar rafhlöðurnar eru nýjar, en hann minnkar með tímanum.

Alkaline eða litíum einnota rafhlöður?

Einnota rafhlöður eru ýmist alkaline eða litíum. Litíumrafhlöður endast yfirleitt lengur í orkufrekum tækjum. Samkvæmt Wich? endast litíumrafhlöður 2–3 klukkustundum lengur en alkalinerafhloður. En þær eru líka dýrari. Sé „orkuklukkutíminn“ reiknaður eru litíumrafhlöður óhagstæðari en góðar alkalinerafhloður. Litíumrafhlöður er því góður kostur í aðstæðum þar sem er mikilvægt að verða ekki rafmagnslaus (svo sem á ferðalagi) en þær eru ekki endilega hagkvæmasti kosturinn.

Hvernig er best að farga rafhlöðum?

Í rafhlöðum má finna spilliefni sem eru hættuleg heilsu og umhverfi. Það er því afar mikilvægt að rafhlöðum sé skilað á sorpflokkunarstöðvar að notkun lokinni, en fari alls ekki í heimilissorpið. Margir söluaðilar rafhlaða og bensinstöðvar taka einnig við notuðum rafhlöðum. Samkvæmt Úrvinnslusjóði skila einungis um 40% rafhlaða sér í endurvinnslu. Gera má ráð fyrir að afgangurinn fari beint í ruslið með tilheyrandi umhverfisskaða. ❌





Bambusföt gjörla svo græn

Föt sem unnin eru úr bambus eru gjarnan markaðssett sem umhverfisvæn. Ef skyggst er á bak við tjöldin kemur þó í ljós að slíkar fullyrðingar standast sjaldnast.



Föt úr bambus eru gjarnan auglýst sem einstaklega mjúk og notaleg. Þau eru sögð hafa bakteríudrepandi eiginleika og eru ýmist sögð hrinda frá sér raka eða sjúga hann í sig, allt eftir því hvað er verið að auglýsa. Algengasta fullyrðingin er þó eflaust sú að efni úr bambusefni séu náttúruleg og umhverfisvæn. Því fer þó fjarri.

Neikvæð umhverfisáhrif tískuiðnaðarins eru margvísleg. Hann er ábyrgur fyrir 10% af allri losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum og all stefnir í að hlutfallið verði 26% árið 2050. Þvottur á fötum losar 500.000 tonn af míkroþráðum út í sjó árlega en það jafngildir 50 milljörðum plastflaskna. Tískuiðnaðurinn notar 93 milljarða af vatnsrúmmetrum árlega og ber ábyrgð á 20% af allri iðnaðarmengun á heimsvísu. Yfir 8.000 kemísk efni eru notuð í fataframleiðslu og hafi lesendur ekki fengið nóg af upptalningunni má bæta því við að 60% af öllum textíl í fataiðnaði eru úr plasti.

Fataframleiðendur leita því eðlilega allra leiða til að koma til móts við kröfur neytenda um umhverfisvænni fatnað. Sífellt fleiri stökkva því á bambusvagninn, en ekki er allt sem sýnist í þessum efnunum, líkt og rakið er í sænska neytendablaðinu Råd och Rön.

Bambustrefjum breytt í viskós

Fatnaður úr bambus er yfirleitt markaðssettur sem umhverfisvænn, ekki síst þar sem ekki eru notuð eitru- eða varnarefni á bambusinn ólíkt t.d. bómullarplöntunni. Neytendur gætu því eðlilega talið að föt úr bambus séu úr náttúrulegum trefjum bambusplöntunnar, þ.e. að trefjarnar séu unnar og spunnar þannig að úr verði dúnmjúkt dýrindis bambusefni. Það er vissulega hægt að vefa fatnað úr bambustrefjum en þá yrði efnið mjög gróft og ólíklegt til vinsælda. Til að ná þeirri mjúku áferð sem einkennir bambusföt þarf að breyta bambusnum í sellulósa sem er síðan unninn

áfram og breytt í textíl sem kallast viskós (e. viscose rayon).

Framleiðsla í fjarlægum löndum

Viskós er algengur textíl, gjarnan unninn úr pappa eða trjákvodu, og við framleiðsluna er notaður fjöldi kemískra efna. Viskósframleiðsla myndi því seint kallast umhverfisvæn en það er þó hægt að framleiða viskós á ábyrgan hátt. Það er meðal annars gert með því að tryggja að kemísku efnin sé sett í réttan farveg og jafnvel endurnýtt. Það þýðir jafnframt hærra verð. Í Evrópu eru gerðar ríkar kröfur til framleiðslunnar, svo sem að fráveituvatn skuli hreinsað. Engin trygging er fyrir því að framleiðsla á viskós í fjarlægum löndum sé í góðum farvegi. Reyndar eru allar líkur á því að lægri framleiðslukostnaður komi einmitt til af því að umhverfiskröfur eru minni og aðbúnaður verkafólks verri en á Vesturlöndum. Fyrr á árum var viskós aðallega framleitt í Bandaríkjunum og Bretlandi, þar sem það kom fyrst á markað, en í dag er Kína langstærsti viskósframleiðandi í heimi.

Bakteríueyðandi bambus

Auk fullyrðingarinnar um að bambusföt séu „náttúruleg“ eru þau oft sögð þeim eiginleikum gædd að vera bakteríudrepandi og að þau „andi frá sér“. Þau eru jafnvel sögð hitastillandi eða með hitastýringu, hvað sem það nú þýðir. Sérfræðingar sem Råd och Rön spurði álits gefa lítið fyrir þessar fullyrðingar. Það sé vissulega rétt að í bambusplöntunni eru ákveðin



bakteríudrepandi efni sem gera að verkum að ekki þarf að nota varnarefni við ræktunina. En þeir bakteríudrepandi eiginleikar fara fyrir lítið þegar búið er að drekkja trefjunum í efnasúpu.

Enginn bambus í bambusfötum

Viskósinn í bambusfötum er vissulega unninn úr bambusplöntunni en efnið á ekkert sameiginlegt með upprunalegu hrávörnunni. Bandaríska tímaritið Good Housekeeping gerði gæðakönnun á tíu mismunandi vörum (svo sem sængurverji og fatnaði) úr bambus, tröllatré (e. eucalyptus) og öðrum plöntutrefjum. Niðurstaðan var sú að ekki fannst tangur né tetur af nokkrum trefjum í sjálfum textílnum. Þetta getur eðli málsins samkvæmt valdið neytendum heilabrotum því ferlið við að búa til textíl úr bambus hefst jú með plöntunni. Hráefnið er þó leyst upp upp að því marki að það finnst ekki lengur í lokaafurðinni. Það sem eftir situr er sellulósi sem er unninn áfram með hjálp kemískra efna og síðan breytt í

þræði sem úr er spunninn textíll. Lokaafurðin er því fjarri því að vera „náttúruleg“.

Eftirlitsstofnanir stíga niður fæti

Svo mjög hafa seljendur hampað bambusfatnaði sem umhverfisvænum, án þess að geta fært á það sönnur, að eftirlitsstofnanir hafa þurft að grípa til aðgerða. Í Bandaríkjunum hótuðu eftirlitsyfirvöld keðjunum Walmart og Kohl's háum sektum ef þær létu ekki af fullyrðingum um umhverfisvæn bambusföt, enda væri um grænþvott að ræða (e. greenwashing). Viðmælendur Råd och Rön telja mjög hæpið og jafnvel rangt að markaðssetja bambusefni sem náttúruleg eða umhverfisvæn og hvað þá lífræn. Fullyrðingar um að textíll úr bambus sé umhverfisvænn hafa hins vegar verið endurteknar svo oft að þær eru farnar að fá á sig sannleiksblæ. Strangt til tekið eru þó fá, ef nokkur efni, í raun umhverfisvæn og bambus er í dag ekki sú lausn á vanda tískuiðnaðarins sem margir vilja vera láta. ❌



Pöndur lifa á takmörkuðu svæði í miðhluta Kína þar sem þær halda sig í gjám og fjalladölum. Þær eyða um 12 klukkustundum á dag í fæðuöflun og sitja megnið af deginum og naga bambussprotu. Næringarinnihald bambuss er lítið og því þurfa pöndur að borða mjög mikið af honum.

Visindavefurinn.



Bambus flokkast sem grastegund og dafnar best í kringum miðbaug. Bambus vex hraðast allra plantna í heiminum og til eru ótal afbrigði og tegundir, sumar lágvaxnar en aðrar geta náð allt að 30 metra hæð. Algengast er þó að þær séu á milli tveir og þrír metrar á hæð. Algengt er að bambus verði 40-80 ára en sumar tegundir geta orðið allt að 130 ára gamlar. Bambus eru harðgerður þannig að ekki þarf að nota varnarefni eða áburð við ræktunina og þegar hann eru skorinn til uppskeru vex nýr bambus upp frá rôtarskotum. Bambusskógar eru taldir framleiða meira súrefni en hefðbundinn skógur en binda jafn mikinn koltvísýring, þó ekki beri öllum rannsóknnum saman um það. Heimildi: Vilmundur Hansen - Bændablaðið



Hildigunnur Hafsteinsdóttir

lögfræðingur
situr í stjórn
Neytendasamtakanna.
Hún mælir með
þáttunum Dopesick.



Claus Jørgensen

er verkefnastjóri hjá
Tænk Kemi og hann
mælir með myndinni
Dark Waters.




Dopsick

Við hjónin horfðum nýlega á þáttaseríuna Dopesick á efnisveitunni Disney+. Þættirnir eru að hluta byggðir á bók rithöfundarins Beth Macy um ópióðafaraldurinn sem geisað hefur í Bandaríkjunum undanfarnin ár. Áætlað er að um hálf milljón Bandaríkjamanna hafi látist vegna ofnotkunar ópióða á tímabilinu 1999–2019, en slík misnotkun getur einnig leitt til neyslu ólöglegra fíkniefna, s.s. heróíns. Hérlandís, eins og víðar, hefur ofnotkun sterkra lyfseðilsskyldra verkjalyfja verið stórt vandamál á seinni árum.

Þessir átakanlegu þættir, sem eru einstaklega vel leiknir og gerðir, lýsa sögu læknisins Samuel Finnex (ákaflega gaman að sjá Michael Keaton í toppformi) og sjúklunga hans. Þá er Richard Sackler, þáverandi forstjóri Purdue Pharma, sem þróaði OxyContin, einnig stór persóna í þáttunum. Því er annars vegar lýst harmsögu þeirra sem leiddust út í ópióðafíkn, og hins vegar ótrúlegri markaðssetningu lyfsins sem fólst m.a. í markaðssetningu verkja sem slíkra, þ.e. sjúkdómavæðingu, sem svo var boðið upp á einfalda meðferð við. Lyfið var svo markaðssett með nokkuð aggressivum hætti til lækna, m.a. af solumönnum sem áttu afkomu sína undir sölutölum. Jafnframt er fjallað um þátt bandaríska lyfjaeftirlitsins sem virðist hafa klikkað á vaktinni.

Í stuttu máli gleypst við þessa þætti í okkur og ég mæli eindregið með áhorfi!



Þættirnir Dopesick hafa verið tilnefndir til fjölda verðlauna og vann Michael Keaton bæði Golden Globe og Emmy verðlaunin fyrir túlkun sína á lækninum Samuel Finnex.



Leikarinn geðþekki Mark Ruffalo fer með aðalhlutverkið í Dark Waters en meðal annarra leikara eru Anna Hathaway, Tim Robbins og Bill Pullman. Myndin hefur hlotið mikið lof og hana má nú finna á Netflix.

Dark Waters

Undanfarna mánuði hefur verið hávær umræða hér í Danmörku um flúorefni (PFAS) í grunnvatni, regnvatni og neytendavörum. PFAS nær yfir stóran flokk kemískra efna sem eru þrávirk og safnast því upp í náttúrunni. Í dag finnast þessi efni alls staðar á jörðinni, bæði í fólki og í dýrum. Í marga áratugi hefur legið fyrir að efnin eru heilsuskaðleg en þó eru aðeins nokkrar tegundir þeirra bannaðar.

Myndin Dark Waters byggir á sönnum atburðum og fjallar einmitt um flúorefni, nánar tiltekið tegundina PFOA. Bandarískur lögfræðingur, Rob Bilott, tekur slaginn við efnarísann DuPont fyrir hönd fólks sem orðið hefur veikt af efninu. Þökk sé, ekki síst, baráttu Bilott er PFOA nú bannað en þó eru enn þúsundir flúorefna í umferð. Í Evrópu er verið að skoða harðari aðgerðir og í Bandaríkjunum heldur Rob Bilott baráttu sinni áfram.

Ég mæli heilshugar með myndinni sem sýnir svart á hvítu að þekking á skaðsemi efna dugar ekki ein og sér til að breyta löggjöfni. Hún sýnir hversu mikilvægt það er að öflug neytendasamtök eins og Tænk Kemi berjist fyrir neytendur og ráðleggi þeim hvernig hægt sé að forðast skaðleg efni, ekki síst í því tómarúmi sem nú er á milli þekkingar á skaðseminni og skorts á viðeigandi löggjöf. Svo má spyrja hvers vegna PFAS-efnin eru ennþá leyfð þegar legið hefur fyrir í meira en hálfra öld að þau eru skaðleg. Svarið er einfalt; peningar.



Finnur Friðriksson
er dósent við Háskólann á Akureyri. Hann mælir með bókinn Humankind eftir Rutger Bregman.



Pórunn Wolfram Pétursdóttir
er doktor í umhverfisfræðum og hún mælir með bókinni Raddir vorsins þagna.



Humankind

Í bók sinni Humankind glímur hollenski sagnfræðingurinn Rutger Bregman við spurningu sem þvælst hefur fyrir okkur manneskjnum ansi lengi; erum við í eðli okkar sjálfeskir eiginhagsmunaseggir sem víla ekki fyrir sér að svindla, ljúga og stela til að standa vörð um eigin stöðu eða góðhjartaðar og hjálpsamar sálir sem styðja við bakið hver á annarri frekar en að standa í átökum? Bregman bendir á að fyrra sjónarmiðið hafi í seinni tíð orðið ofan á, og þar sé til að mynda horft til tíðra stríðsátaka, þjóðarmorða og grimmilegs þrælahalds, auk þess sem ýmsar sálfræðitilraunir hafa gefið í skyn að við séum óttalegar smásálir. Þessari ímynd hefur svo reglulega verið haldið á lofti í fjölmiðlum, kvikmyndum og bókmenntum, svo sem hinni þekktu skáldsögu William Golding, Flugnahöfðingjanum, þar sem hópur drengja festist á eyðieyju og dvöl þeirra þar endar með ósköpum vegna innbyrðis átaka þeirra.

Bregman vill þó meina að þessi ímynd sé beinlínis röng og færir ýmis rök fyrir því að þegar öllu er á botninn hvolft standi gðfuglyndi okkur nær en drápeðli. Máli sínu til stuðnings bendir hann t.d. á raunverulegt, frekar en skáldað, dæmi um hóp drengja sem festust á eyðieyju og lifðu þar af með því vinna saman og hjálpa hver öðrum. Hann sýnir jafnframt fram á ýmsa hnökra í rannsóknum sem þótt hafa benda til eðlislægrar grimmdar okkar. Bókin er hin hressilegasta lesning og það er um margt upplifgandi að sjá þessari jákvæðu sýn á mannkynið hampað svolítið þó hér og hvar megi sjálfsgagt efast um niðurstöður Bregmans.



Bækur Rutger C. Bregman hafa verið þýddar á fjölda tungumála. Hann á vinsælan Ted-fyrirlestur og greinar eftir hann birtast í helstu blöðum. Það er ekki síst athyglisvert fyrir þær sakir að hann er aðeins 34 ára gamall.



Útgáfa bókarinnar Raddir vorsins þagna árið 1962 olli þáttaskilum og er gjarnan talin marka upphaf umhverfisvernaráttunnar. Bókin kom út hér á landi árið 1965 í þýðingu Gísla Ólafssonar.

Raddir vorsins þagna

Í ár eru heil 60 ár síðan bókin Raddir vorsins þagna (Silent Spring) eftir dýrfræðinginn Rachel Carson kom fyrst út. Þessi magnaða kona sýndi gríðarlegt hugrekki og mikla framsýni þegar hún ákvað að skrifa bók um meðal annars skordýraeitrð DDT og neikvæð áhrif þess á lífríkið allt, ekki bara á óæskilegu skordýrin. Bókin vakti gríðarlega mikla athygli þó efnaiðnaðurinn, sem framleiddi DDT og hagnaðist á sölu þess, gerði allt til að rýra trúverðuleika Carsons. Það dugði sem betur fer ekki til. Fólk hlustaði.

Bókin breytti heimsmýndinni og umhverfisvitund þeirra sem á eftir komu. Skilaboð bókarinnar um mikilvægi þess að við séum meðvitund um áhrif okkar á umhverfið og um nauðsyn þess að stíga varlega til jarðar í inngrípum mannsins við náttúruna eiga ekki síður við í dag en þá. Bókin er líka frábær áminning um að við höfum öll rödd sem getur borist víða og náttúran þarfnast þess að við tölum hennar máli – alltaf!

NJÓSNAHAGKERFIÐ

Ef þú ætlar að horfa á eitt kattamyndband í dag ...

ns.is/kettir

